

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/137
komudagur 13.11.2006

Alþingi, 13. nóvember 2006.

Fjárlaganefnd Alþingis.
Hr. Birkir Jón Jónsson, formaður.

Við er til bréfs yðar, dags. 5. október sl., þar sem óskað er eftir álitni iðnaðarnefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007. Álit nefndarinnar sendist yður hér með.

F.h. formanns iðnaðarnefndar,



Ingvar Sigurðsson nefndaritari.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Guðjón Axel Guðjónsson, Svein Þorgrímsson og Sigurrós Hilmarsdóttur frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2007 eru áætluð um 5.015 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértækjur að fjárhæð 797 millj. kr. en þær nema 15,9% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Helstu breytingar á milli ára eru að rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 17 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 48,4 millj. kr. sem koma til lækkunar.

Framlag til neyslu og rekstrartilfærslna hækkar um 81 millj. kr. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um í fyrsta lagi 70 millj. kr. aukið framlag til byggðamála og í öðru lagi hærri fjárheimildir til Samtaka iðnaðarins sem nemur 45 millj. kr. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til Tækniþróunarsjóðs hækki um 40 millj. kr. Loks fellur niður endurgreiðsla til Rarik um samtals 153 millj. kr.

Iðnaðarnefnd leggur áherslu á að tryggt verði nægt fjármagn til vaxtasamninga sem gerðir hafa verið og munu verða gerðir þannig að fylgja megi eftir markmiðum þeirra.

Nefndin leggur einnig áherslu á að fjárlaganefnd skoði í fjárlagavinnunni stöðu starfснаms. Mikilvægt er að stórefla og styrkja starfснаm í framhaldsskólum landsins.

Fimm erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 11-299-1.50, Nýsköpun og markaðsmál. Í fyrra var liðurinn 30 millj. kr. en í ár 4 millj. kr. Í því ljósi og þar sem sótt er um 38 millj. kr. vísar nefndin öllum erindum aftur til fjárlaganefndar.

Katrín Júlíusdóttir og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Jóhann Ársælsson og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álitid með fyrirvara.

Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkuur álitid þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 9. nóv. 2006.

Hjálmar Árnason,
form., frsm.

Drífa Hjartardóttir,
með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson,
með fyrirvara.

Sigríður A. Þórðardóttir.

**Katrín Júlíusdóttir,
með fyrirvara.**

Guðjón Guðmundsson.

**Sigurjón Þórðarson,
með fyrirvara.**

**Tillaga iðnaðarnefndar að skiptingu safnliðar
í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007.**

Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

Óskipt

4.000

Samtals

4.000